

41 *Brjef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslu-*
 21. júní *mannsins í Rangárvallasýslu, um meðlagsskyldu framfærslu-*
sveitar óskilgetins barns og um endurgreiðslu sveitarstyrks.

Með brjefi dags. 17. f. m., hafið þjer, herra sýslumaður, eftir beiðni oddvita Vestur-Landeyjahrepps, skotið til ráðuneytisins úrskurði lögreglustjórans í Reykjavík, dags. 9. nóv. f. á., sem ákveður að af hálfu Sigurðar Sigurðssonar, er síðast bjó að Kirkjulandi í Reykjavík, og andaðist 20. júní f. á., skuli greiða meðlag með barni hans utan hjónabands, Sigurði Óskari, sem stúlkan Hannesína Hannesdóttir ól 18. júní 1922, en Sigurður var dæmdur faðir að eftir andlát hans, er í meðlagsúrskurðinum, sem birtur hefir verið ekkju barnsföður, á venjulegan hátt ákveðið, að barnsmóðir eða sá, er annast framfærslu barnsins, eigi aðgang að dvalarsveit sinni um greiðslu meðlagsins ef það er ekki greitt á rjettum gjalddögum, en framfærslusveit barnsföður, Vestur-Landeyjahreppi, beri að endurgreiða dvalarsveit hið greidda meðlag að lögum. Fyrir hönd nefnds oddvita krefjist þjer þess, að tjeður meðlagsúrskurður verði úr gildi feldur að því leyti, er hann skyldar nefndan hrepp til að endurgreiða viðkomandi dvalarsveit barnsmóður með lögum samkvæmt, úrskurðinum, en borgarstjóri Reykjavíkur hefir krafist endurgreiðslu á meðlagi greiddu barnsmóður úr bæjarsjóði fyrir tímabilið frá 1. sept. 1924 til 1. sept. 1925.

Barnið, Sigurður Óskar, er fætt eftir að lög nr. 46, 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, gengu í gildi. Regla hinnar eldri löggjafar um að greiðsluskylda framfærslusveitar barnsföður hætti þegar sveitin á þess ekki lengur kost að láta barnsföður endurgjalda meðlagið með því að greiða það eða vinna það af sjer, er numin úr lögum, með því að annar málsliður 2. mgr. 9. gr. fátækralaganna er feldur úr gildi, og meðlagsskylda af föðurins hálfu er gerð fortakslaus hvort heldur hann er lífs eða liðinn og hvar sem hann dvelur. Hinni eldri reglu, að framfærsluskyldan hvíli eingöngu á móður og framfærslusveit hennar að barnsföður látnum eða alförnum af landi burt er kollvarpað enda þótt foreldravaldið sje hjá barnsmóður, sbr. 3. gr. laga nr. 60, 1917 og 1. mgr. 32. gr. laga nr. 46, 1921, og óskilgetin börn innan 16 ára fylgi framfærslusveit móður, sbr. 40. gr. fátækralaganna. Hin auknu rjettindi barnsmóður og barns til fjárframlaga af föðurins hálfu hafa leitt af sjer auknar skyldur framfærslusveitar barnsföður, þegar hann þrýtur, en tjeð sveit hefir ekki með lögum nr. 46 1921 nje með öðrum lögum síðan, verið veittur neinn íhlutunarrjettur um uppeldi barnsins eða framfærslu þótt barnsfaðir sje látinn og framfærslusveitin verði að þola útgjöld barnsins vegna. Þar sem það ennfremur er ekki skilyrði fyrir meðlagi af hálfu barnsföður, að meðlagsúrskurður á hendur honum, eða búi hans, hafi verið gefinn út að honum lifandi, og þar sem hjer greindur meðlagsúrskurður er rjettilega gefinn út af lögreglustjóran-

um í Reykjavík, með því að barnsfaðirinn átti þar síðast heima, og meðlags-
hæðin er ákveðin í samræmi við meðalmeðlag þar sem barnið dvelur, á tjeður 21. júní
meðlagsúrskurður sem lögum samkvæmur í alla staði að vera óraskaður. 41

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari
birtingar fyrir hreppsnefnd Vestur-Landeyjahrepps og annist þjer um endur-
greiðslu hins umkrafa meðlags.

Meðlagsúrskurðurinn er sendur borgarstjóra.

Brjef dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskupsins, um 42
breyting á sóknaskipun. 27. ágúst

Samkvæmt beiðni ábúenda jarðanna Stóra-Hofs og Minna-Hofs í Hrepp-
hólasókn í Árnesprófastsdæmi og samkvæmt samþykki safnaðarfunda og hjer-
aðsfundar, veitir ráðuneytið hjermeð eftir tillögum yðar, háæruverðugi herra,
í brjefi dags. 31. f. m., leyfi til að ofannefndar jarðir Stóra-Hof og Minna-Hof
í Hrepphólasókn megi framvegis teljast til Stóranúpsóknar í sama prófasts-
dæmi, með því skilyrði, að Stóranúpskirkja greiði Hrepphólakirkju 650 kr. í
eitt skifti fyrir öll um leið og breytingin kemst á.

AUGLÝSING

um

**skilyrði fyrir leyfi til verslunarrekstrar samkvæmt 3. gr. laga
nr. 52, 27. júní 1925.**

43

31. desbr.
1925

Hver maður, karl eða kona, giftur sem ógiftur, getur fengið leyfi til
verslunar, enda hafi rjettur til verslunar ekki verið af honum dæmdur, ef hann:

1. Er heimilisfastur á Íslandi, þegar leyfi er veitt, og hefir verið það
síðasta árið.
2. Er fjárráður.
3. Hefir forræði á búi sínu og hefir haft það síðasta árið. Ekki má veita þeim
verslunarleyfi, sem tvisvar hafa orðið gjaldþrota, nema komist hafi á lög-
legir samningar um skuldagreiðslur milli hans og lánardrotna hans.
4. Hefir ekki verið dæmdur sekur um verk, sem er svívirðilegt að almenn-
ingsáliti. Ekki má veita manni verslunarleyfi, ef ráðin hefir verið höfðun